

Ed.

155. Frumvarp til laga

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. janúar 1942 að telja.

2. gr.

Greiðsla kaupverðsins skal fara fram samkvæmt ákvæðum 13. gr. 1. mgr. laga nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar, og felst greinargerð fyrir efni þess í fylgiskjalinu.

Fylgiskjal.

pt. Reykjavík, 5. apríl 1941.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur með öllum atkvæðum samþykkt að fara þess á leit við þingmenn í Eyjafjarðarsýslu, að þeir flyttu á yfirstandandi þingi frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri í Siglufirði.

Svo sem yður mun kunnugt, er meiri hluti íbúðarhúsa í Siglufjarðarkaupstað byggður í landi Hvanneyrar, þar eð öll Siglufjarðareyri er í hennar landi.

Siglufjarðarkaupstaður á ekkert af því landi, sem hann stendur á. Bæjarstjórn Siglufjarðar telur það í alla staði æskilegast, að kaupstaðurinn sé eigandi að því landi. er kaupstaðurinn stendur á. Hvert bæjarfélag verður að eyða stórfé í að kaupa upp lóðir og landræmur undir götur, borg og opinberar byggingar og mannvirki, sem hægt væri að komast hjá, ef bæjarfélagið á sjálft landið. Það vill nú að vísu svo illa til með Hvanneyrarland, að húið er að leigja það mestallt út sem byggingarlóðir eða túnstæði. En það er samt augljóst, að ef kaupstaðurinn hefði landeigandaréttinn, væri hægt að ná miklu hagkvæmari samningum en annars um landspildur undir götur, borg o. fl. Mikið landflæmi er og enn óráðstafað, einkum í útjadhri bæjarins, og gæti það orðið hænum dýrmætt að eiga, til þess að geta látið það í skiptum fyrir lóðir, sem verða mönnum ónothæfar vegna skipulags bæjarins.

Þrátt fyrir það, þó jörðin Hvanneyri gefi nokkuð af sér í lóðarafgjöldum, verður ekki séð, að ríkissjóður geti haft nokkurn sérstakan hag af því að hafa eignarhald á jörðinni framvegis, nema ef vera skyldi í sambandi við lóðarréttindi síldarverksmiðja ríkisins. Frá sjónarmiði bæjarstjórnarinnar væri ekkert því til fyrirstöðu, að lóðarréttindi síldarverksmiðja ríkisins yrðu algerlega undanþegin kaupunum.

Fyrir ríkissjóð geta ekki peningatekjurnar haft neitt verulegt að segja, enda munu heildartekjur jarðarinnar vera innan við 10 þúsund krónur.

Virðingarfyllst,

f. h. bæjarstjórnar Siglufjarðar

Ó. Hertervig.

Erl. Þorsteinsson.

Áki Jakobsson.

Til þingmanna Eyjafjarðarsýslu, Alþingi.